

# Kjarakönnun og áherslur í kjarasamningum

---

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks  
MATVÍS*

*Desember 2023*



Kjarakönnun og áherslur í kjarasamningum. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks MATVÍS.

Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir og Maya Staub  
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Maya Staub

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík  
Sími: 535 5629  
Netfang: [rannvinn@rannvinn.is](mailto:rannvinn@rannvinn.is)  
Vefsíða Vörðu: [rannvinn.is](http://rannvinn.is)  
ISBN: 978-9935-532-31-2

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Svarhlutfall.....	2
3	Niðurstöður.....	3
3.1	Störf og vinnufyrirkomulag .....	6
3.2	Laun félagsfólks.....	9
3.3	Viðhorf til áherslna í komandi kjarasamningum .....	17
3.4	Áreitni og einelti .....	22
3.5	Þjónusta MATVÍS .....	27

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1.</b>	Lýðfræðileg samsetning.....	4
<b>Tafla 2.</b>	Námssvið.....	5
<b>Tafla 3.</b>	Menntun.....	5
<b>Tafla 4.</b>	Staða á húsnæðismarkaði.....	5
<b>Tafla 5.</b>	Starfsvettvangur.....	6
<b>Tafla 6.</b>	Aðalstarf.....	6
<b>Tafla 7.</b>	Vinnufyrirkomulag, ráðningasamband, starfshlutfall og starfsaldur.....	7
<b>Tafla 8.</b>	Yfirvinnustundir á viku í september (fastráðin).....	7
<b>Tafla 9.</b>	Vinnustundir á viku í september (lausráðin).....	8
<b>Tafla 10.</b>	Fleiri en eitt starfi.....	8
<b>Tafla 11.</b>	Vinnuálag.....	8
<b>Tafla 12.</b>	Vinnuálag eftir starfsvettvangi.....	9
<b>Tafla 13.</b>	Starfsöryggi.....	9
<b>Tafla 14.</b>	Heildarlaun í september fyrir skatta.....	10
<b>Tafla 15.</b>	Heildarlaun í september fyrir skatta eftir starfsgrein.....	10
<b>Tafla 16.</b>	Heildarlaun í september fyrir skatta eftir menntun.....	12
<b>Tafla 17.</b>	Aukagreiðslur og hlunnindi.....	13
<b>Tafla 18.</b>	Laun samkvæmt launatöflu MATVÍS.....	14
<b>Tafla 19.</b>	Greitt fyrir unna yfirvinnu.....	14
<b>Tafla 20.</b>	Greiðslur frá atvinnurekanda sem ekki eru gefnar upp á launaseðli.....	14
<b>Tafla 21.</b>	Sátt/ósátt með laun.....	15
<b>Tafla 22.</b>	Sátt/ósátt með laun eftir starfsgrein.....	15
<b>Tafla 23.</b>	Sátt/ósátt með laun eftir menntun.....	16
<b>Tafla 24.</b>	Sátt/ósátt með laun eftir heildarlaunum.....	17
<b>Tafla 30.</b>	Áhersluatriði í kjarasamningum gagnvart atvinnurekendum.....	18
<b>Tafla 31.</b>	Sammála eða ósammála sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa.....	18
<b>Tafla 32.</b>	Sammála eða ósammála sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa eftir heildarlaunum.....	19
<b>Tafla 33.</b>	Krónutölu- eða prósentuhækkun.....	19
<b>Tafla 34.</b>	Krónutölu- eða prósentuhækkun eftir heildarlaunum.....	20
<b>Tafla 35.</b>	Áhersluatriði í kjarasamningum gagnvart stjórnvöldum.....	21
<b>Tafla 36.</b>	Orðið fyrir einhverju af eftirtöldu í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.....	22
<b>Tafla 37.</b>	Orðið fyrir einelti í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.....	22
<b>Tafla 38.</b>	Tilkynnt um eineltið.....	23

<b>Tafla 39.</b> Ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni. ....	23
<b>Tafla 40.</b> Gerandi eineltis. ....	23
<b>Tafla 41.</b> Áhrif eineltisins. ....	24
<b>Tafla 42.</b> Orðið fyrir einhverju af eftirtöldu í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	24
<b>Tafla 43.</b> Orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	25
<b>Tafla 44.</b> Tilkynnt um kynferðislegu áreitnina. ....	25
<b>Tafla 45.</b> Ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni. ....	25
<b>Tafla 46.</b> Gerandi kynferðisáreitni. ....	26
<b>Tafla 47.</b> Áhrif kynferðislegrar áreitni. ....	26
<b>Tafla 48.</b> Orðið vitni að einelti og/eða kynferðislegri áreitni í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	26
<b>Tafla 49.</b> Viðbrögð þeirra sem urðu vitni af einelti. ....	27
<b>Tafla 25.</b> Ánægð eða óánægð með starfsemi MATVÍS. ....	27
<b>Tafla 26.</b> Hversu vel eða illa stendur MATVÍS sig í að gæta réttinda félagsfólks á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	28
<b>Tafla 27.</b> Hvaða þjónusta MATVÍS nýtt á síðastliðnum 12 mánuðum. ....	28
<b>Tafla 28.</b> Ánægð eða óánægð með samskipti við MATVÍS í tengslum við veitta þjónustu. ....	29
<b>Tafla 29.</b> Ánægð eða óánægð með samskipti við MATVÍS í tengslum við veitta þjónustu eftir gerð þjónustu. ....	30

# 1 Inngangur

MATVÍS óskaði eftir að Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi kjarakönnun meðal félagsfólks og kannaði að sama skapi áherslur þeirra í aðdraganda kjarasamninga. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um:

1. Störf og vinnufyrirkomulag
2. Laun
3. Viðhorf til áherslna í kjarasamningsviðræðum
4. Áreitni og einelti
5. Viðhorf til þjónustu MATVÍS

Könnunin var lögð fyrir í október 2023 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar.

## 2 Aðferð

Könnunin var lögð fyrir félagsfólk MATVÍS. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku og pólsku. MATVÍS sendi hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar á félagsfólk sitt með tölvupósti og SMS skilaboðum. Könnunin var opin frá 16. október til 1. nóvember 2023.

### 2.1 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki MATVÍS, alls 1.791 einstaklingar. Svarendur voru 684 og svarhlutfallið því 38%.

### 3 Niðurstöður

Í niðurstöðum er byrjað á því að skoða lýðfræðilega þætti þeirra er svöruðu eftir kyni, aldri, fjölskyldustöðu, búsetu og stöðu á vinnumarkaði. Greint er frá námssviði þeirra sem eru í námi og stöðu á húsnæðismarkaði. Í kafla 3.1. er greint frá starfsvettvangi, vinnufyrirkomulagi og vinnuálagi. Í kafla 3.2. er greint frá launum félagsfólks MATVÍS. Í kafla 3.3. frá viðhorfum félagsfólks til þjónustu MATVÍS. Í kafla 3.4. er fjallað um áherslur félaga í komandi kjarasamningsviðræðum. Í kafla 3.5. er greint frá hlutfalli félagsfólks sem hefur orðið fyrir einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustað eða á vinnutengdum atburðum.

Tafla 1 sýnir lýðfræðilega samsetningu svarenda. Taflan sýnir að hlutfall karla (78,4%) er mun hærra en kvenna (21,3%). Þegar litið er til aldurssamsetningu sést að hæst er hlutfall félagsfólks sem er á aldrinum 31-40 ára (29,7%), því næst 30 ára og yngri (20,7%) og nánast sama hlutfall er á aldrinum 51-60 ára (20,4%). Lítið lægra hlutfall er á aldrinum 41-50 ára (17,9%) og lægst er hlutfall þeirra sem eru 61 árs eða eldri (10,9%). Tæplega helmingur svarenda eru í sambúð með börn (46,6%) og fjórðungur er í sambúð (23,8%). Tæplega fimmtungur eru einhleyp (17,5%) og ríflega einn af hverjum tíu félögum eru einstæðir foreldrar (12,1%). Meirihluti svarenda eru búsett á höfuðborgarsvæðinu (66,3%) en um þriðjungur eru búsett á landsbyggðunum (32,1%). Mikill meirihluti félaga eru í launuðu starfi (83,7%) en mun lægra hlutfall hefur aðra stöðu á vinnumarkaði. Hæst er hlutfall þeirra sem eru sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur (4,6%). Lægra hlutfall er á eftirlaunum (3,5%), námssamning (2,1%), fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi (1,6%), í atvinnuleit (1,5%), á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri (1,5%) og í veikindaleyfi á launum (0,7%).

**Tafla 1.** Lýðfræðileg samsetning.

	Hlutfall	N
<i>Kyn</i>		
Kona	21,3%	145
Karl	78,4%	535
Kvár	0,1%	1
Vil ekki svara	0,1%	1
<i>Aldur</i>		
30 ára og yngri	20,7%	141
31 – 40 ára	29,7%	202
41 – 50 ára	17,9%	122
51 – 60 ára	20,4%	139
61 árs eða eldri	10,9%	74
Vil ekki svara	0,4%	3
<i>Fjölskyldustaða</i>		
Í sambúð með barn/börn	46,6%	309
Í sambúð	23,8%	158
Einstæðir foreldrar	12,1%	80
Einhleypir	17,5%	116
<i>Búseta</i>		
Á höfuðborgarsvæðinu	66,3%	452
Á landsbyggðum	32,1%	219
Vil ekki svara	1,6%	11
<i>Staða á vinnumarkaði</i>		
Í launuðu starfi	83,7%	570
Í veikindalyfi á launum	0,7%	5
Sjálfstætt starfandi/ atvinnurekandi	4,6%	31
Á eftirlaunum	3,5%	24
Á námssamningi	2,1%	14
Atvinnuleitandi	1,5%	10
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	1,5%	10
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	1,6%	11
Annað	0,1%	1
Vil ekki svara	0,7%	5

Þau sem voru á námssamning voru spurð um námssvið sitt og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 2. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur voru namar í matvæla- og/eða veitingagrein (56,3%), en lægra hlutfall var á kjötiðnaðarsviði (12,5%), matreiðslusviði (12,5%) og bakarassviði (12,5%) og lægst hlutfall á framreiðslusviði (6,3%).



**Tafla 2. Náms svið.**

	Hlutfall	N
Nemi í matvæla- og/eða veitingagrein	56,3%	9
Matartæknisviði	0%	0
Kjötiðnasviði	12,5%	2
Matreiðslusviði	12,5%	2
Framreiðslusviði	6,3%	1
Bakarasviði	12,5%	2

Tafla 3 sýnir menntun svarenda. Tæplega helmingur er með sveinspróf (47,1%) og ríflega fjórðungur hefur lokið meistaranámi (27,2%). Lægra hlutfall hefur lokið háskólanámi (6,6%), lokið iðnnámi án sveinsprófs (5,6%), lokið grunnskólanámi og viðbótarmenntun en ekki lokið framhaldsskóla (4,4%), lokið framhaldsskóla (4,1%), lokið grunnskólanámi eða sambærilegu (2,3%) og ekki lokið grunnskólanámi (0,2%).

**Tafla 3. Menntun.**

	Hlutfall	N
Ekki lokið grunnskólanámi	0,2%	1
Lokið grunnskólanámi eða sambærilegu	2,3%	15
Lokið grunnskólanámi og hef viðbótarmenntun en ekki lokið framhaldsskóla	4,4%	29
Lokið framhaldsskóla	4,1%	27
Lokið iðnnámi (án sveinsprófs)	5,6%	37
Lokið sveinsprófi	47,1%	312
Lokið meistaranámi	27,2%	180
Lokið háskólanámi	6,6%	44
Lokið öðru námi	2,0%	13
Vil ekki svara	0,6%	4

Tafla 4 sýnir stöðu félagsfólks á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda býr í eigin húsnæði (65,4%). Ríflega fimmtungur býr í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (22,9%) en mun lægra hlutfall er búsett hjá foreldrum/ættingjum (5,3%), í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (1,8%) og í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (1,6%).

**Tafla 4. Staða á húsnæðismarkaði.**

	Hlutfall	N
Eigin húsnæði	65,4%	445
Leiguhúsnæði á almennum markaði	22,9%	156
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (s.s. Bjargi, Brynju) eða í félagslegu húsnæði	1,8%	12
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	1,6%	11
Hjá foreldrum/ættingjum	5,3%	36
Annað	2,1%	14
Vil ekki svara	0,9%	6

### 3.1 Störf og vinnufyrirkomulag

Í töflu 5 kemur fram starfsvettvangur félagsfólks MATVÍS. Taflan sýnir að hæst er hlutfall félagsfólks sem starfar á veitingahúsi (33,6%) og tæplega fimmtungur í mötuneyti (19,4%). Lægra hlutfall starfar á hóteli/gististað (14,5%), við þjónustu (11,8%), kjötvinnslu (9,2%) og lægst er hlutfall þeirra sem starfa í bakaríi (6,1%).

**Tafla 5.** Starfsvettvangur.

	Hlutfall	N
Bakaríi	6,1%	40
Kjötvinnslu	9,2%	60
Hóteli/ gististað	14,5%	95
Veitingahúsi	33,6%	220
Mötuneyti	19,4%	127
Þjónustu	11,8%	77
Annað	3,1%	20
Vil ekki svara	2,3%	15

Tafla 6 sýnir aðalstarf svarenda. Áberandi hæst er hlutfall þeirra sem starfa sem matreiðslumenn en það á við um ríflega helming svarenda (52%). Lægra hlutfall starfar sem stjórnendur (13,6%) og svipað hlutfall sem framreiðslumenn (13%). Lægra hlutfall starfa sem kjötiðnaðarmenn (7,6%), bakarar (5,5%), eru í skrifstofustarfi (3,6%) og kökugerðarmenn (0,6%).

**Tafla 6.** Aðalstarf.

	Hlutfall	N
Bakari	5,5%	36
Framreiðslumaður	13,0%	86
Kjötiðnaðarmaður	7,6%	50
Matreiðslumaður	52,0%	343
Stjórnandi	13,6%	90
Skrifstofustarf	3,6%	24
Kökugerðarmaður	0,6%	4
Annað	1,8%	12
Vil ekki svara	2,3%	15

Tafla 7 sýnir vinnufyrirkomulag, ráðningarsamband, starfshlutfall og starfsaldur í atvinnugrein. Niðurstöðurnar sýna að rétt ríflega helmingur félaga er í dagvinnu (55%) og tæplega helmingur er í vaktavinnu (40,5%). Mikill meirihluti svarenda eru með fastráðningu (90%) en 5,7% eru lausráðin. Mikill meirihluti svarenda er í fullu starfshlutfalli (87,8%) en mun lægra hlutfall er í 75%-99% (4,2%), 50%-74% (1,4%) og 1%-49% (4,1%) starfshlutfalli.

**Tafla 7.** Vinnufyrirkomulag, ráðningasamband, starfshlutfall og starfsaldur.

	Hlutfall	N
<i>Vinnufyrirkomulag</i>		
Dagvinna	55,0%	364
Vaktavinna	40,5%	268
Vil ekki svara	4,5%	30
<i>Ráðning</i>		
Fastráðning	90,0%	595
Lausráðning	5,7%	38
Vil ekki svara	4,2%	28
<i>Starfshlutfall</i>		
1% – 49%	4,1%	24
50% – 74%	1,4%	8
75% – 99%	4,2%	25
100%	87,8%	518
Vil ekki svara	2,5%	15
<i>Starfsaldur í atvinnugrein</i>		
1 ár eða styttri	28,7%	181
2 – 3 ár	21,6%	136
4 – 5 ár	12,1%	76
6 – 10 ár	16,0%	101
11 – 15 ár	7,1%	45
Lengri en 15 ár	11,4%	72
Vil ekki svara	3,0%	19

Tafla 8 sýnir fjölda yfirvinnutíma sem svarendur unnu að jafnaði á viku í september 2023 meðal fastráðins starfsfólks. Ríflega helmingur (59,7%) svarenda vann yfirvinnu í september en um þriðjungur vann ekki yfirvinnu (36,5%). Hæst er hlutfall þeirra sem unnu 1-10 yfirvinnustundir (28,4%) en lægra hlutfall vann 11-20 (16%) og 21 eða fleiri yfirvinnustundir (15,3%).

**Tafla 8.** Yfirvinnustundir á viku í september (fastráðin).

	Hlutfall	N
Enga yfirvinnu	36,5%	215
1-10 yfirvinnustundir	28,4%	167
11-20 yfirvinnustundir	16,0%	94
21 yfirvinnustund eða fleiri	15,3%	90
Vil ekki svara	3,9%	23

Tafla 9 sýnir hversu margar vinnustundir þau sem eru lausráðin unnu á viku í september 2023. Niðurstöðurnar sýna að tæplega þriðjungur vann 41-60 klukkustundir (30,8%), um fjórðungur 21-40 stundir (25,6%), fimmtungur 61 klukkustund eða fleiri (20,5%) en lægst var hlutfall þeirra sem unnu 1-20 klukkustundir (12,8%).

**Tafla 9.** Vinnustundir á viku í september (lausráðin).

	Hlutfall	N
1-20 klukkustundir	12,8%	5
21-40 klukkustundir	25,6%	10
41-60 klukkustundir	30,8%	12
61 klukkustundir eða fleiri	20,5%	8
Vil ekki svara	10,3%	4

Tafla 10 sýnir hlutfall þeirra sem eru í fleiri en einu starfi. Niðurstöðurnar sýna að 17,3% félagsfólks er í fleiru en einu starfi en mikill meirihluti er í einu starfi (80,5%).

**Tafla 10.** Fleiri en eitt starfi.

	Hlutfall	N
Já	17,3%	109
Nei	80,5%	508
Vil ekki svara	2,2%	14

Tafla 11 sýnir hvernig félagsfólk metur vinnuálag sitt. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur telur vinnuálag sitt hæfilegt. Hins vegar meta tæplega 4 af hverjum 10 félögum MATVÍS vinnuálag sitt heldur of mikið eða allt of mikið (30,8% og 8,7%). Einungis 2,7% telja vinnuálag sitt allt of lítið eða heldur of lítið.

**Tafla 11.** Vinnuálag.

	Hlutfall	N
Allt of lítið	0,8%	5
Heldur of lítið	1,9%	12
Hæfilegt	54,7%	346
Heldur of mikið	30,8%	195
Allt of mikið	8,7%	55
Vil ekki svara	3,2%	20

Tafla 12 sýnir hvernig félagsfólk metur vinnuálag sitt greint eftir starfsvettvangi. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfallið meðal þeirra sem starfa á veitingahúsi og í bakaríi sem meta vinnuálag sitt heldur of mikið eða allt of mikið (48,8% og 48,6%) og eru að sama skapi þau sem meta vinnuálag sitt í mestum mæli allt of mikið (11,2% og 16,2%). Hlutfallið er lítið lægra sem metur vinnuálag heldur of mikið eða allt of mikið meðal þeirra sem starfa á hóteli/gististað (44,1%), og í kjötvinnslu (40,7%). Sama á við um lægra hlutfall þeirra sem starfa í mötuneyti (32,3%) og við þjónustu (26,3%).

**Tafla 12.** *Vinnuálag eftir starfsvettvangi.*

	Allt of lítið	Heldur of lítið	Hæfilegt	Heldur of mikið	Allt of mikið	Vil ekki svara
Bakaríi	2,7%	0%	48,6%	32,4%	16,2%	0%
Kjötvinnslu	0%	3,4%	52,5%	35,6%	5,1%	3,4%
Hóteli/ gististað	0%	0%	53,8%	35,5%	8,6%	2,2%
Veitingahúsi	0,5%	3,4%	44,4%	37,6%	11,2%	2,9%
Mötuneyti	0%	1,6%	66,1%	25,0%	7,3%	0%
Þjónustu	1,3%	0%	71,1%	19,7%	6,6%	1,3%

*P*-gildi = 0,000    *N* = 624

Tafla 13 sýnir hvernig félagsfólk metur starfsöryggi sitt nú um mundir. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti félaga metur starfsöryggi sitt mjög eða frekar mikið (67,6%). Ríflega fimmtungur telur það hvorki mikið né lítið (21,4%) og mun lægra hlutfall frekar eða mjög lítið (6,8%).

**Tafla 13.** *Starfsöryggi.*

	Hlutfall	<i>N</i>
Mjög mikið	27,1%	171
Frekar mikið	40,5%	255
Hvorki mikið né lítið	21,4%	135
Frekar lítið	4,3%	27
Mjög lítið	2,5%	16
Vil ekki svara	4,1%	26

### 3.2 Laun félagsfólks

Tafla 14 sýnir heildarlaun svarenda í september 2023 fyrir skatta og önnur gjöld. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall félagsfólks sem er með laun á bilinu 701-800 þúsund krónur. Ríflega þriðjungur svarenda eru með 700 þúsund eða minna í heildarlaun á mánuði (34,7%) en þar af eru ríflega 1 af hverjum 10 með 501-600 þúsund krónur (10,9%) annarsvegar og hins vegar 500 þúsund krónur eða lægra (10,4%). 41,3% eru með 801 þúsund krónur eða herra í mánaðarlaun. Af þeim hópi eru 17,1% með 801-900 þúsund, 10,9% með 901-1.000 þúsund og 13,3% með 1.001 þúsund krónur eða herra.

**Tafla 14.** Heildarlaun í september fyrir skatta.

	Hlutfall	N
500 þúsund krónur eða lægra	10,4%	66
501-600 þúsund krónur	10,9%	69
601-700 þúsund krónur	13,4%	85
701-800 þúsund krónur	20,3%	128
801-900 þúsund krónur	17,1%	108
901-1.000 þúsund krónur	10,9%	69
1.001 þúsund krónur eða hærra	13,3%	84
Vil ekki svara	3,6%	23

Tafla 15 sýnir heildarlaun svarenda í september 2023 fyrir skatta og önnur gjöld greint eftir starfsgrein. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfallið meðal kjötiðnaðarmanna sem eru með 600 þúsund eða lægri atvinnutekjur (34%%) en það sama á við um ríflega fjórðung framreiðslumanna (28,2%) og fjórðung bakara (25%). Hlutfallið er lítið lægra meðal matreiðslumanna (22,7%) en umtalsvert lægra meðal þeirra sem eru í skrifstofustarfi (12,5%), stjórnendur (5,7%). Þegar litið er til þeirra sem eru með heildarlaun á bilinu 601-800 þúsund krónur á mánuði sést að það á við um helming þeirra sem eru í skrifstofustarfi (50%) en það sama á við um ríflega þriðjung bakara (39,3%), kjötiðnaðarmanna (36,2%), matreiðslumanna (34,7%) og tæplega þriðjung stjórnanda (31,8%). Hæst er hlutfallið meðal stjórnenda (35,2%) sem eru með atvinnutekjur á bilinu 801-1.000. þúsund krónur á mánuði. Hlutfallið er lítið lægra meðal framreiðslumanna (33,4%) og bakara (32,1%) en nokkuð lægra meðal matreiðslumanna (28,1%), skrifstofufólks (25%) og kjötiðnaðarmanna (21,3%). Hæst er hlutfall stjórnenda sem eru með 1.001 þúsund krónur eða hærri heildarlaun á mánuði (27,3%). Sama á við um nokkuð lægra hlutfall matreiðslumanna (14,5%), skrifstofufólks (12,5%) og enn lægra hlutfall kjötiðnaðarmanna (8,5%), framreiðslumanna (7,7%) og bakara (3,6%).

**Tafla 15.** Heildarlaun í september fyrir skatta eftir starfsgrein.

	<500 þús. kr.	501-600 þús. kr.	601-700 þús. kr.	701-800 þús. kr.	801-900 þús. kr.	901-1.000 þús. kr.	>1.001 þús. kr.	N
Bakari	17,9%	7,1%	10,7%	28,6%	10,7%	21,4%	3,6%	28
Framreiðslumaður	17,9%	10,3%	11,5%	19,2%	23,1%	10,3%	7,7%	78
Kjötiðnaðarmaður	14,9%	19,1%	14,9%	21,3%	17,0%	4,3%	8,5%	47
Matreiðslumaður	10,7%	12,0%	13,2%	21,5%	18,3%	9,8%	14,5%	317
Stjórnandi	2,3%	3,4%	15,9%	15,9%	15,9%	19,3%	27,3%	88
Skrifstofustarf	4,2%	8,3%	29,2%	20,8%	12,5%	12,5%	12,5%	24
Kökugerðarmaður*	-	-	-	-	-	-	-	3
Annað	0%	41,7%	25,0%	25,0%	8,3%	0%	0%	12
Vil ekki svara	22,2%	22,2%	0%	22,2%	33,3%	0%	0%	9

P-gildi = 0,001

\*Of fá svör.

Tafla 16 sýnir heildarlaun svarenda í september eftir menntun. Niðurstöðurnar sýna hæst er hlutfall meðal þeirra sem eru með grunnskólanám eða sambærilegt sem eru með 600 þúsund krónur í heildarlaun eða lægra (78,6%). Hlutfallið er lítið lægra meðal þeirra sem eru með grunnskólamenntun og viðbótarmenntun en hafa ekki lokið framhaldsskóla (69,6%). Sama á við um umtalsvert lægra hlutfall þeirra sem hafa lokið iðnnámi en eru ekki með sveinspróf (36,4%), framhaldsskóla (30,8%), háskólanámi (28,6%), öðru námi (27,3%), sveinsprófi (17,4%) og lokið meistaranámi (13,4%). Þegar litið er til hlutfalls þeirra sem eru með laun á bilinu 801-1.000 þúsund krónur sést að það á við um lágt hlutfall þeirra sem eru með grunnskólanám (7,1%), grunnskólanám og viðbótarmenntun (8,6%) og framhaldsskólanám (11,5%). Hins vegar er hlutfallið umtalsvert hærra eðal þeirra sem eru með iðnnám (án sveinsprófs) (24,3%), háskólanám (28,6%), meistaranám (29%), sveinspróf (33,5%) og annað nám (36,4%).

**Tafla 16.** Heildarlaun í september fyrir skatta eftir menntun.

	<500	501-600	601-700	701-800	801-900	901-1.000	>1.001	<i>N</i>
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	
Ekki lokið grunnskólanámi*	-%	-%	-%	-%	-%	-%	-%	1
Lokið grunnskólanámi eða sambærilegu	50,0%	28,6%	7,1%	7,1%	7,1%	0%	0%	14
Lokið grunnskólanámi og hef viðbótarmenntun								23
en ekki lokið framhaldsskóla	43,5%	26,1%	4,3%	17,4%	4,3%	4,3%	0%	
Lokið framhaldsskóla	15,4%	15,4%	26,9%	19,2%	3,8%	7,7%	11,5%	26
Lokið iðnnámi (án sveinsprófs)	15,2%	21,2%	9,1%	24,2%	18,2%	6,1%	6,1%	33
Lokið sveinsprófi	6,4%	11,0%	14,1%	22,6%	20,1%	13,4%	12,4%	283
Lokið meistaranámi	7,0%	6,4%	12,8%	21,5%	18,0%	11,0%	23,3%	172
Lokið háskólanámi	16,7%	11,9%	16,7%	16,7%	16,7%	11,9%	9,5%	42
Lokið öðru námi	27,3%	0%	27,3%	9,1%	27,3%	9,1%	0%	11

*P*-gildi = 0,000

\*Of fá svör.



Tafla 17 sýnir samsetningu laun bæði hvað varðar aukagreiðslur og hlunnindi. Niðurstöðurnar sýna að rétt tæplega helmingur fær yfirvinnugreiðslur (48,6%). Tæplega þriðjungur er með fatapeninga (30,5%), ríflega fjórðungur með fæðishlunnindi (28,8%), fjórðungur fastan bílastyrk (25,1%) og fimmtungur vaktaálag (20,4%). Lægra hlutfall er með bónus (16,5%), dagpeninga (7,1%) og akstursgreiðslur fyrir ekna kílómetra (5,1%).

Pegar litið er til hlunninda sést að tæplega þriðjungur fær verkfæri (30,9%), ríflega fjórðungur er með greiddan símakostnað (26,7%) og styrk vegna líkamsræktar (26,7%). Tæplega fjórðungur er með farsíma- og tölvu hlunnindi (23,2% og 22,4%). Lægra hlutfall er með önnur hlunnindi svo sem viðbótarfrí (13%), fræðslustyrk (10,1%), internettengingu heima (9,9%), samgöngustyrk (9,1%), þjóf fé (6,6%), tryggingahlunnindi (3,3%) og áskrift af fjölmiðlum (1,5%).

**Tafla 17.** *Aukagreiðslur og hlunnindi.*

	Hlutfall	N
<i>Aukagreiðslur</i>		
Yfirvinnugreiðslur	48,6%	288
Vaktaálag	20,4%	121
Dagpeninga	7,1%	42
Bónus	16,5%	98
Fatapeninga	30,5%	181
Fæðishlunnindi	28,8%	171
Fastan bílastyrk	25,1%	149
Akstursgreiðslur fyrir ekna kílómetra	5,1%	30
Vil ekki svara	13,7%	81
<i>Hlunnindi</i>		
Verkfæri	30,9%	160
Greiddan símakostnað	26,7%	138
Farsíma	23,2%	120
Styrk vegna líkamsræktar	26,7%	138
Tölvu	22,4%	116
Viðbótarfrí	13,0%	67
Internettengingu heima	9,9%	51
Fræðslustyrk	10,1%	52
Samgöngustyrk	9,1%	47
Áskrift af fjölmiðlum	1,5%	8
Þjóf fé	6,6%	34
Tryggingahlunnindi	3,3%	17
Vil ekki svara	20,9%	108

Tafla 18 sýnir hlutfall þeirra sem fá greitt samkvæmt launatöflu MATVÍS. Niðurstöðurnar sýna að tæplega helmingur fær ekki greitt samkvæmt töxtum (46,2%) en 4 af hverjum 10 fá taxtalaun (39,9%).

**Tafla 18.** *Laun samkvæmt launatöflu MATVÍS.*

	Hlutfall	N
Já	39,9%	253
Nei	46,2%	293
Veit ekki	10,1%	64
Vil ekki svara	3,8%	24

Tafla 19 sýnir hlutfall þeirra sem fá greitt fyrir þá yfirvinnu sem þau vinna. Niðurstöðurnar sýna að það á við um 60,7% svarenda. Hins vegar fá 31,1% ekki greitt fyrir unna yfirvinnu.

**Tafla 19.** *Greitt fyrir unna yfirvinnu.*

	Hlutfall	N
Já	60,7%	385
Nei	31,1%	197
Veit ekki	4,1%	26
Vil ekki svara	4,1%	26

Tafla 20 sýnir hlutfall þeirra sem fá greiðslur frá atvinnurekanda sem eru ekki gefnar upp á launaseðli. Niðurstöðurnar sýna að 89,9% svarenda eru ekki með slíkar greiðslur en 5,1% fá svartar atvinnutekjur frá atvinnurekanda.

**Tafla 20.** *Greiðslur frá atvinnurekanda sem ekki eru gefnar upp á launaseðli.*

	Hlutfall	N
Já	5,1%	32
Nei	89,9%	569
Vil ekki svara	5,1%	32

Tafla 21 sýnir hversu sátt eða ósátt félagsfólk er með laun sín. Niðurstöðurnar sýna að um þriðjungur er hvorki sáttur né ósáttur (32%). Ríflega þriðjungur er mjög eða frekar sáttur við laun sín (35,6%) og tæplega þriðjungur er frekar eða mjög ósáttur (29,6%).

**Tafla 21.** Sátt/ósátt með laun.

	Hlutfall	N
Mjög sátt(ur)	7,3%	46
Frekar sátt(ur)	28,3%	179
Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	32,0%	202
Frekar ósátt(ur)	22,8%	144
Mjög ósátt(ur)	6,8%	43
Vil ekki svara	2,8%	18

Tafla 22 sýnir hversu sátt eða ósátt félagsfólk MATVÍS er með laun sín eftir starfsgrein. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfallið meðal kjötiðnaðarmanna þegar litið til þeirra sem eru í mestu mæli frekar eða mjög ósáttir með laun sín (40,4%). Hlutfallið er nokkuð lægra meðal þeirra sem eru í skrifstofustörfum (33,3%) og kökugerðarmanna (33,3%) og enn lægra meðal stjórnenda (23,6%), bakara (23,3%) og framreiðslumanna (21,6%). Um helmingur þeirra sem eru stjórnendur (49,5%) og í skrifstofustarfi (50%) eru mjög eða frekar sátt með laun sín og er hlutfallið meðal þeirra umtalsvert hærra en í öðrum starfsgreinum. Sama á við um lægra hlutfall matreiðslumanna (36,4%), framreiðslumanna (35,5%), kökugerðarmanna (33,3%) en lægst er hlutfallið hjá bökurum (26,6%).

**Tafla 22.** Sátt/ósátt með laun eftir starfsgrein.

	Mjög sátt(ur)	Frekar sátt(ur)	Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	Frekar ósátt(ur)	Mjög ósátt(ur).	N
Bakari	13,3%	13,3%	40,0%	23,3%	10,0%	30
Framreiðslumaður	5,1%	30,4%	43,0%	20,3%	1,3%	79
Kjötiðnaðarmaður	2,1%	23,4%	34,0%	25,5%	14,9%	47
Matreiðslumaður	7,2%	29,2%	31,7%	26,3%	5,6%	319
Stjórnandi	12,4%	37,1%	27,0%	16,9%	6,7%	89
Skrifstofustarfi	8,3%	41,7%	16,7%	20,8%	12,5%	24
Kökugerðarmaður	33,3%	0%	33,3%	0%	33,3%	3
Annað	0%	16,7%	41,7%	25,0%	16,7%	12
Vil ekki svara	0%	11,1%	55,6%	22,2%	11,1%	9

*P*-gildi = 0,046

Tafla 23 sýnir hversu sátt eða ósátt félagsfólk er með laun sín greint eftir menntun. Niðurstöðurnar sýna um helmingur þeirra sem hafa lokið öðru námi (50%) og grunnskólanámi eða sambærilegu (46,2%) eru frekar eða mjög ósátt með laun sín. Það sama á við nokkuð lægra hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla (38,4%), sveinsprófi (30,9%), iðnnámi, án sveinsprófs (30,3%), meistaranámi (27,9%) og háskólanámi (26,1%). Lægst er hlutfallið meðal þeirra sem eru með grunnskólanám og viðbótarmenntun (21,7%). Þegar litið er til hlutfalls þeirra sem eru mjög eða frekar sátt með laun sín sést að hæst er hlutfallið meðal þeirra sem eru

með grunnskólanám eða sambærilegt (46,2%), iðnnám án sveinsprófs (45,4%) og meistaranám (42,6%). Sama á við um nokkuð lægra hlutfall þeirra sem hafa lokið háskólanámi (38,1%), framhaldsskóla (34,6%) og sveinsprófi (32,4%). Lægst er hlutfallið meðal þeirra sem eru með grunnskólanám og viðbótarmenntun og annað nám sem eru mjög eða frekar sátt með laun sín (26,1% og 25%).

**Tafla 23.** Sátt/ósátt með laun eftir menntun.

	Mjög sátt(ur)	Frekar sátt(ur)	Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	Frekar ósátt(ur)	Mjög ósátt(ur)	N
Ekki lokið grunnskólanámi*	-	-	-	-	-	1
Lokið grunnskólanámi eða sambærilegu	15,4%	30,8%	7,7%	38,5%	7,7%	13
Lokið grunnskólanámi og hef viðbótarmenntun en ekki lokið framhaldsskóla	0%	26,1%	52,2%	17,4%	4,3%	23
Lokið framhaldsskóla	7,7%	26,9%	26,9%	26,9%	11,5%	26
Lokið iðnnámi (án sveinsprófs)	12,1%	33,3%	24,2%	30,3%	0%	33
Lokið sveinsprófi	6,0%	26,4%	36,6%	23,2%	7,7%	284
Lokið meistaranámi	10,2%	32,4%	29,5%	22,2%	5,7%	176
Lokið háskólanámi	7,1%	31,0%	35,7%	19,0%	7,1%	42
Lokið öðru námi	0%	25,0%	25,0%	41,7%	8,3%	12

*P*-gildi = 0,174

\*Of fá svör.

Tafla 24 sýnir hversu sátt eða ósátt félagsfólk er með launatekjur sínar eftir heildarlaunum. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem eru mjög ósátt með laun sín meðal þeirra sem eru með 500 þúsund eða lægra (15,9%) og 501-600 þúsund (19,1%). Þar að auki eru þau sem eru á þessu launabili í mestum mæli frekar ósátt við laun sín (28,6% og 32,4%). Hæst er hlutfallið meðal þeirra sem eru með 1.001 þúsund krónur eða hærri mánaðarlaun sem eru mjög eða frekar sátt (59,6%), 901-1.000 þúsund (47,8%) og 801-900 þúsund (45,8%). Þau sem eru með lægri laun en 801 þúsund eru í mun minna mæli mjög eða frekar ánægð með laun sín en það á við um 29,9% þeirra sem eru með 701-800 þúsund, 24,1% þeirra sem eru með 601-700 þúsund, 17,6% þeirra sem eru með 501-600 þúsund og 27% þeirra sem eru með 500 þúsund eða lægra.

**Tafla 24.** Sátt/ósátt með laun eftir heildarlaunum.

	Mjög sátt(ur)	Frekar sátt(ur)	Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	Frekar ósátt(ur)	Mjög ósátt(ur)	N
500 þúsund krónur eða lægra	4,8%	22,2%	28,6%	28,6%	15,9%	63
501-600 þúsund krónur	4,4%	13,2%	30,9%	32,4%	19,1%	68
601-700 þúsund krónur	1,2%	22,9%	41,0%	25,3%	9,6%	83
701-800 þúsund krónur	7,9%	22,0%	36,2%	28,3%	5,5%	127
801-900 þúsund krónur	5,6%	40,2%	37,4%	16,8%	0%	107
901-1.000 þúsund krónur	10,1%	37,7%	31,9%	15,9%	4,3%	69
1.001 þúsund krónur eða hærra	17,9%	41,7%	22,6%	16,7%	1,2%	84

*P*-gildi = 0,000

### 3.3 Viðhorf til áherslna í komandi kjarasamningum

Tafla 30 sýnir hvað félagsfólk MATVÍS vill að lögð verði mest áhersla á í komandi kjarasamningum gagnvart atvinnurekendum. Þátttakendur röðuðu alls 9 atriðum eftir mikilvægi þar sem 1 skipti mestu máli og 9 minnstu máli. Niðurstöðurnar sína að áberandi hæst hlutfall félagsfólks setti hækkun launa í fyrsta sæti mikilvægis raðarinnar (60%). Því næst var algengast að leggja mesta áherslu á hækkun grunnlauna og lækkun álags (17%). Þegar litið er til þeirra atriða sem félagar röðuðu í mestu mæli í eitthvert efstu þriggja sætanna sést að algengast var að félagsfólk vildi hækka laun (85%), hækka grunnlaun og lækka álag (72%) og stytta vinnutíma (64%). Lægra hlutfall lagði mesta áherslu á önnur atriði en um fjórðungur vildi betri vinnutíma (25%) og 30 daga orlof (23%). Mun lægra hlutfall lagði áherslu á atvinnuöryggi (15%), bætt starfsumhverfi (9%) og aukin réttindi til starfsnáms, endurmenntunar og símenntunar (7%).

**Tafla 25.** Áhersluatriði í kjarasamningum gagnvart atvinnurekendum.

N	1	2	3	4	5	6	7	8	9
<b>Hækkun launa</b>									
580	60%	18%	7%	7%	3%	2%	2%	2%	1%
<b>Hækkun grunnlauna og lækkun álags</b>									
580	17%	36%	19%	9%	8%	5%	3%	2%	1%
<b>Styttingu vinnutíma</b>									
580	11%	20%	33%	16%	8%	4%	3%	3%	1%
<b>Betri vinnutíma</b>									
580	3%	6%	16%	36%	18%	11%	7%	3%	0%
<b>Atvinnuöryggi</b>									
580	3%	4%	8%	13%	37%	22%	9%	3%	0%
<b>Bætt starfsumhverfi</b>									
580	1%	5%	3%	5%	9%	40%	23%	12%	1%
<b>Aukin réttindi til starfsnáms/ endurmenntunar/ símenntunar</b>									
580	1%	3%	3%	5%	8%	10%	43%	26%	2%
<b>Aukin orlofsréttindi (30 daga á ári)</b>									
580	4%	8%	11%	8%	8%	5%	9%	42%	4%
<b>Annað</b>									
580	1%	0%	0%	0%	0%	0%	1%	6%	91%

Tafla 31 sýnir hversu hátt hlutfall svarenda er sammála eða ósammála því að leggja eigi sérstaka áherslu á hækkun launa í næstu kjarasamningum. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (63,1%) og tæplega fjórðungur er hvorki sammála né ósammála (22,4%). 11,8% eru mjög eða frekar ósammála.

**Tafla 26.** Sammála eða ósammála sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa.

	Hlutfall	N
Mjög sammála	38,4%	225
Frekar sammála	24,7%	145
Hvorki sammála né ósammála	22,4%	131
Frekar ósammála	7,2%	42
Mjög ósammála	4,6%	27
Vil ekki svara	2,7%	16

Tafla 32 sýnir hversu hátt hlutfall svarenda er sammála eða ósammála því að leggja eigi sérstaka áherslu á hækkun launa í næstu kjarasamningum greint eftir heildarlaunum. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem eru með 500 þúsund eða lægri heildarlaun og 501-600 þúsund sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (80% og 84,4%). Hlutfallið er lægra meðal þeirra sem eru með 601-700 þúsund (68%), 701-800 þúsund (64,3%), 801-900 þúsund (54%) og 901-1.000 þúsund (60,9%). Lægst er hlutfallið meðal þeirra sem eru með 1.001 þúsund krónur í heildartekjur sem eru mjög eða frekar sammála (51,3%). Þegar litið er til hlutfalls þeirra sem eru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni sést að það er hæst

meðal þeirra sem eru með hæstu launin og lægst meðal þeirra sem eru með lægstu launin. Þannig er ríflega fimmtungur þeirra sem eru með 1.001 þúsund krónur eða hærri heildartekjur mjög eða frekar ósammála (22,3%), sama á við um 20,4% þeirra sem eru með 901-1.000, 16% þeirra sem eru með 801-900 þúsund, 12,2% þeirra sem eru með 701-800 þúsund, 5,1% þeirra sem eru með 601-700 þúsund, 3,1% þeirra sem eru með 501-600 þúsund og 1,8% þeirra sem eru 500 þúsund krónur eða lægri heildartekjur.

**Tafla 27.** Sammála eða ósammála sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa eftir heildarlaunum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	N
500 þúsund krónur eða lægra	58,2%	21,8%	18,2%	1,8%	0%	55
501-600 þúsund krónur	62,5%	21,9%	12,5%	3,1%	0%	64
601-700 þúsund krónur	38,5%	29,5%	26,9%	0%	5,1%	78
701-800 þúsund krónur	36,5%	27,8%	23,5%	8,7%	3,5%	115
801-900 þúsund krónur	36,0%	18,0%	30,0%	10,0%	6,0%	100
901-1.000 þúsund krónur	25,0%	35,9%	18,8%	14,1%	6,3%	64
1.001 þúsund krónur eða hærri	27,6%	23,7%	26,3%	11,8%	10,5%	76

P-gildi = 0,000

Tafla 33 sýnir hvort svarendur vilja leggja áherslu á krónutöluhækkun eða prósentuhækkun í komandi kjarasamningum við atvinnurekendur. Hæst er hlutfall þeirra sem vilja blandaða leið krónutölu og prósentuhækkunar (33,3%), því næst prósentuhækkun (31,5%) og lítið lægra hlutfall vill krónutöluhækkun (27,5%).

**Tafla 28.** Krónutölu- eða prósentuhækkun.

	Hlutfall	N
Hækkun laun í krónutölum	27,5%	161
Bæði hækkun launa í krónutölu og prósentum (%)	33,3%	195
Hækkun launa í prósentum (%)	31,5%	184
Vil ekki svara.	7,7%	45

Tafla 34 sýnir hvort svarendur vilja leggja áherslu á krónutöluhækkun eða prósentuhækkun í komandi kjarasamningum við atvinnurekendur og eru niðurstöðurnar greindar eftir heildarlaunum. Hæst er hlutfall þeirra sem vilja krónutöluhækkun meðal þeirra sem eru með 1.001 þúsund krónur eða hærri mánaðarlaun (36,6%), 500 þúsund eða lægri (36%) og 501-600 þúsund. Hæst er hlutfall þeirra sem eru með 501-600 þúsund í mánaðarlaun sem vilja fara blandaða leið krónutölu- og prósentuhækkunar (50%). Hæst er hlutfall þeirra sem eru með 901-1.000 þúsund krónur í mánaðarlaun sem vilja prósentuhækkun (46,8%).

**Tafla 29.** Krónutölu- eða prósentuhækkun eftir heildarlaunum.

	Hækkun laun í krónutölum	Bæði hækkun launa í krónutölu og prósentum (%)	Hækkun launa í prósentum (%)	<i>N</i>
500 þúsund krónur eða lægra	36,0%	36,0%	28,0%	50
501-600 þúsund krónur	35,5%	50,0%	14,5%	62
601-700 þúsund krónur	27,6%	39,5%	32,9%	76
701-800 þúsund krónur	27,3%	33,6%	39,1%	110
801-900 þúsund krónur	24,0%	38,5%	37,5%	96
901-1.000 þúsund krónur	22,6%	30,6%	46,8%	62
1.001 þúsund krónur eða hærra	36,6%	25,4%	38,0%	71

*P*-gildi = 0,025

Tafla 35 sýnir áherslumál félagsfólks í komandi kjarasamningsviðræðum gagnvart stjórnvöldum. Svarendur röðuðu alls 15 atriðum eftir mikilvægi þar sem 1 skipti mestu máli og 15 minnstu. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur svarenda leggur mesta áherslu á hækkun persónuafsláttar (53%). Þegar litið er til þeirra atriða sem félagsfólk raðaði í mestu mæli í eitthvert efstu þriggja sætanna sést að algengast var að svarendur legðu mesta áherslu á hækkun persónuafsláttar (68,9%), hækkun barnabóta (47%), hækkun atvinnuleysisbóta (27%), minni tekjutengingu lífeyrisgreiðslna (26%), lækkun vaxta (24%), afnám verðtryggingar (22%), jöfnun launa kynjanna (19%), að skipta um gjaldmiðil (18%), auðvelda fyrstu kaup á íbúðarhúsnaði (16%) en lægra hlutfall raðaði öðrum atriðum í efstu þrjú sætin.



**Tafla 30. Áhersluatriði í kjarasamningum gagnvart stjórnvöldum.**

<i>N</i>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	Á ekki við
<b>Hækkun persónuafsláttar</b>																
510	53%	15%	9%	5%	3%	3%	2%	2%	0%	1%	1%	0%	1%	0%	1%	5%
<b>Hækkun barnabóta</b>																
502	9%	26%	12%	9%	5%	5%	4%	3%	4%	2%	1%	1%	1%	2%	2%	14%
<b>Hækkun atvinnuleysisbóta</b>																
499	2%	7%	18%	11%	7%	7%	5%	5%	2%	3%	3%	2%	3%	4%	7%	13%
<b>Minni tekjutenging lífeyrisgreiðslna</b>																
492	3%	8%	15%	21%	11%	10%	6%	4%	3%	3%	1%	1%	2%	2%	0%	8%
<b>Jafna laun kynjanna</b>																
505	5%	6%	8%	13%	24%	9%	8%	3%	3%	2%	2%	2%	1%	2%	3%	8%
<b>Að skipa um gjaldmiðil</b>																
511	6%	6%	6%	7%	9%	23%	7%	7%	4%	3%	2%	2%	2%	2%	4%	10%
<b>Afnám verðtryggingar</b>																
510	7%	7%	8%	5%	9%	10%	28%	9%	5%	3%	1%	1%	0%	2%	0%	5%
<b>Auðvelda fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði</b>																
500	4%	6%	6%	6%	7%	7%	10%	28%	9%	4%	3%	2%	1%	1%	1%	7%
<b>Lækkun vaxta (vaxtastigs)</b>																
518	8%	10%	6%	7%	6%	5%	6%	11%	25%	6%	4%	1%	1%	0%	0%	4%
<b>Hækkun vaxtabóta</b>																
501	0%	2%	2%	2%	4%	4%	5%	8%	15%	35%	10%	5%	1%	1%	0%	5%
<b>Aukið aðgengi að öruggu leiguhúsnæði í umsjá opinberra aðila</b>																
504	1%	1%	2%	3%	3%	3%	3%	5%	9%	14%	35%	10%	3%	1%	0%	8%
<b>Aukið framboð af leiguhúsnæði almennt</b>																
505	2%	1%	1%	2%	1%	2%	2%	2%	5%	7%	13%	39%	10%	4%	1%	8%
<b>Hækkun húsnæðisbóta (áður húsaleigubóta)</b>																
506	0%	1%	1%	2%	1%	1%	2%	2%	4%	4%	5%	11%	43%	10%	5%	8%
<b>Tryggja heilbrigðisþjónustu fyrir öll án íþyngjandi kostnaðar</b>																
506	2%	3%	5%	3%	4%	3%	3%	3%	3%	3%	8%	5%	10%	36%	7%	3%
<b>Aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu, sjúkrapjálfun o.þ.h. án íþyngjandi kostnaðar</b>																
509	2%	2%	3%	4%	4%	6%	4%	2%	2%	4%	2%	6%	6%	12%	38%	4%

### 3.4 Áreitni og einelti

Tafla 36 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir aðspurðum þáttum í vinnunni og/eða á vinnutengdum viðburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að 60,1% svarenda hafði ekki orðið fyrir neinum aðspurðra þátta. Hins vegar höfðu 19% orðið fyrir því að faglegt álit þeirra var hunsað, 18,1% höfðu fengið ósanngjarna gagnrýni á störf sín, 17,6% höfðu fengið ósanngjarnar eða óraunhæfar kröfur um frammistöðu eða vinnutíma. Lægra hlutfall hafði fundið fyrir að fylgst hefði verið óeðlilega mikið með störfum þeirra (9,6%), verið særð eða niðurlægð fyrir framan aðra (8,2%), verið höfð útundan eða verið útilokuð (6,8%) og 3% hafði orðið fyrir ógnandi hegðun, hótunum eða ofbeldi.

**Tafla 31.** Orðið fyrir einhverju af eftirtöldu í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Fengið ósanngjarna gagnrýni á störf þín frá vinnufélögum eða yfirmönnum	18,1%	102
Að gerðar séu ósanngjarnar eða óraunhæfar kröfur um frammistöðu eða vinnutíma	17,6%	99
Að faglegt álit þitt sé hunsað	19,0%	107
Verið særð/ur/t eða niðurlægð/ur/t fyrir framan aðra	8,2%	46
Að fylgst er óeðlilega mikið með störfum þínum	9,6%	54
Verið höfð/hafður/haft útundan eða útilokuð/lokaður/lokað	6,8%	38
Orðið fyrir ógnandi hegðun, hótunum eða ofbeldi	3,0%	17
Nei, hef ekki orðið fyrir neinu af ofangreindu á síðustu 12 mánuðum á mínum vinnustað	60,1%	338
Vil ekki svara	5,9%	33

Tafla 37 sýnir svör þátttakenda við spurningunni: Hefur þú orði fyrir einelti í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að 4,4% hafa örugglega orðið fyrir slíku og 6% líklega. 14,6% segjast að þau hafi líklega ekki orðið fyrir einelti og 69,3% hafa örugglega ekki orðið fyrir því.

**Tafla 32.** Orðið fyrir einelti í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Já örugglega	4,4%	25
Já líklega	6,0%	34
Nei líklega ekki	14,6%	83
Nei örugglega ekki	69,3%	393
Vil ekki svara.	5,6%	32

Svarendur sem höfðu örugglega eða líklega orðið fyrir einelti á sínum vinnustað voru spurt hvort þau hefðu tilkynnt um eineltið til einhvers aðila svo sem til trúnaðarmanns, mannauðssviðs, yfirmanns, MATVÍS eða annarra aðila og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 38. Í töflunni sést að tæplega þriðjungur (31,6%) hafði látið vita eða tilkynnt um málið en meira en helmingur hafði ekki gert það (61,4%).

**Tafla 33.** *Tilkynnt um eineltið.*

	Hlutfall	N
Já	31,6%	18
Nei	61,4%	35
Vil ekki svara.	7,0%	4

Svarendur sem höfðu orðið fyrir einelti og tilkynnt um það voru spurt hvort þau hafi verið ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 39. Hæst er hlutfall þeirra sem voru hvorki ánægð né óánægð með viðbrögðin (36,8%). Talsvert herra hlutfall svarenda eru frekar eða mjög óánægð með viðbrögðin (31,6%) en eru mjög ánægð eða frekar ánægð (21,1%).

**Tafla 34.** *Ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni.*

	Hlutfall	N
Mjög ánægð(ur/t)	15,8%	3
Frekar ánægð(ur/t)	5,3%	1
Hvorki ánægð(ur/t) né óánægð(ur/t)	36,8%	7
Frekar óánægð(ur/t)	5,3%	1
Mjög óánægð(ur/t)	26,3%	5
Vil ekki svara	10,5%	1

Þau sem höfðu orðið fyrir einelti voru spurð hver gerandinn eða gerendurnir væru og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 40. Algengast var að gerandinn væri vinnufélagi/ar (34,5%) eða stjórnandi/ur (32,8%). Lægra hlutfall geranda var undirmaður/menn (10,3%), viðskiptavinur/ir (5,2%) eða annað (3,4%).

**Tafla 35.** *Gerandi eineltis.*

	Hlutfall	N
Stjórnandi/Stjórnendur	32,8%	19
Vinnufélagi/Vinnufélagar	34,5%	20
Undirmaður/Undirmenn	10,3%	6
Viðskiptavinur/Viðskiptavinir	5,2%	3
Annar	3,4%	2
Vil ekki svara	13,8%	9

Mikill meirihluti þeirra sem hafði orðið fyrir einelti taldi að það hefði haft mikil eða nokkur neikvæð áhrif á sig (80,7%) og af þeim hafði reynslan haft mikil neikvæð áhrif á stóran hluta svarenda (36,8%). Mun lægra hlutfall taldi að reynslan hefði ekki haft nein neikvæð áhrif (14%).

**Tafla 36.** *Áhrif eineltisins.*

	Hlutfall	<i>N</i>
Mikil neikvæð áhrif	36,8%	21
Nokkur neikvæð áhrif	43,9%	25
Engin neikvæð áhrif	14,0%	8
Vil ekki svara.	5,3%	3

Tafla 42 sýnir hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir atvikum kynferðislegrar áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að 3,2% höfðu verið snert á kynferðislegan hátt sem þeim fannst óþægilegt eða niðurlægjandi. 2,5% höfðu fengið kynferðislegar athugasemdir eða spurningar sem þeim fannst óþægilegar eða niðurlægjandi. 0,4% höfðu fengið kynferðislegt efni sent sem þeim fannst óviðundandi. 0,4% höfðu orðið fyrir þrýstingu um að klæða sig á kynferðislegan hátt við vinnu. 74,4% höfðu ekki orðið fyrir neinum þeirra atriða sem tilgreind voru.

**Tafla 37.** *Orðið fyrir einhverju af eftirtöldu í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.*

	Hlutfall	<i>N</i>
Fengið óumbeðnar kynferðislegar athugasemdir eða spurningar sem þér finnst óþægilegar eða niðurlægjandi	2,5%	14
Verið snert(ur) óumbeðin(n) á kynferðislegan hátt sem þér finnst óþægilegt eða niðurlægjandi	3,2%	18
Fengið óumbeðið kynferðislegt efni sent t.d. í tölvu eða síma sem þér fannst óviðeigandi	0,4%	2
Að yfirmaður eða vinnufélagi þrýsti endurtekið á þig um stefnumót þótt þú hafir skýrt gefið til kynna að þú hafir ekki áhuga	0,2%	1
Að með óviðeigandi hætti væri þrýst á þig að klæðast á kynferðislegan hátt við vinnu	0,4%	2
Verið boðið starf, launahækkun eða framgangur í starfi í skiptum fyrir kynferðislegt samband eða kynlíf	0,2%	1
Nei, hef ekki orðið fyrir neinu ofangreindu á síðustu 12 mánuðum á mínum vinnustað	74,4%	509
Vil ekki svara	3,4%	19

Tafla 43 sýnir hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að 3,2% höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni en 93,4% höfðu ekki orðið fyrir slíku.

**Tafla 38.** Orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Já	3,2%	18
Nei	93,4%	523
Vil ekki svara.	3,4%	19

Þau sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni voru spurð hvort þau höfðu tilkynnt um áreitnina og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 44. Ríflega fimmtungur (22,2%) þeirra sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni tilkynntu um það en ríflega 3 af hverjum 4 ekki (77,8%).

**Tafla 39.** Tilkynnt um kynferðislegu áreitnina.

	Hlutfall	N
Já	22,2%	4
Nei	77,8%	14
Vil ekki svara.	0%	0

Þau sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni og tilkynnt um það voru spurt hvort þau væru ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni. Meirihluti svarenda vildi ekki svara spurningunni (77,8%) og eingöngu fjögur tóku afstöðu til hennar. Einn einstaklingur var mjög ánægður, einn frekar ánægður, einn hvorki ánægður né óánægður og einn mjög óánægður.

**Tafla 40.** Ánægð eða óánægð með viðbrögðin við tilkynningunni.

	Hlutfall	N
Mjög ánægð(ur/t)	5,6%	1
Frekar ánægð(ur/t)	5,6%	1
Hvorki ánægð(ur/t) né óánægð(ur/t)	5,6%	1
Frekar óánægð(ur/t)	0%	0
Mjög óánægð(ur/t)	5,6%	1
Vil ekki svara	77,8%	14

Þau sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni voru spurð um í hvaða stöðu gerandinn var. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 46 sýna að meira en helmingur geranda var vinnufélagi/ar (55,6%) og ríflega fimmtungur stjórnandi/ur (22,2%). 16,7% gerenda var viðskiptavinur/ir og 5,6% undirmaður/menn.

**Tafla 41.** Gerandi kynferðisáreitni.

	Hlutfall	N
Stjórnandi/Stjórnendur	22,2%	4
Vinnufélagi/Vinnufélagar	55,6%	10
Undirmaður/Undirmenn	5,6%	1
Viðskiptavinur/Viðskiptavinir	16,7%	3
Birgi	0%	0
Annar	0%	0
Vil ekki svara	0%	0

Tafla 47 sýnir hvernig svarendur meta áhrif þess að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Helmingur svarenda taldi að reynslan hefði haft nokkur neikvæð áhrif á þau (50%), 11.1% að það hafði haft mikil neikvæð áhrif og 38,9% að það hefði ekki haft nein neikvæð áhrif.

**Tafla 42.** Áhrif kynferðislegrar áreitni.

	Hlutfall	N
Mikil neikvæð áhrif	11,1%	2
Nokkur neikvæð áhrif	50,0%	9
Engin neikvæð áhrif	38,9%	7
Vil ekki svara.	0%	0

Tafla 48 sýnir hlutfall þeirra sem höfðu orðið vitni að einelti og/eða kynferðislegri áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að 3,7% höfðu örugglega orðið vitni að slíku og 8,1% líklega. 18,2% höfðu líklega ekki orðið vitni að einelti eða kynferðislegri áreitni og 65,5% örugglega ekki orðið vitni að því.

**Tafla 43.** Orðið vitni að einelti og/eða kynferðislegri áreitni í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Já örugglega	3,7%	21
Já líklega	8,1%	46
Nei líklega ekki	18,2%	103
Nei örgglega ekki	65,5%	370
Vil ekki svara.	4,4%	25

Svarendur sem höfðu örugglega eða líklega orðið vitni að einelti og/eða kynferðislegri áreitni í vinnunni og/eða á vinnutengdum atburðum voru spurt hvort þau hefðu rætt við þolanda, tilkynnt atburðinn, rætt við geranda, tilkynnt atvikið til annars aðila eða brugðist við með öðrum hætti og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 49. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur ræddi við þolanda/endur (50,7%), 40,3% tilkynntu atburðinn til stjórnanda, trúnaðarmanns eða mannauðsdeildar í fyrirtækinu. Um fimmtungur ræddi við geranda/ur (20,9%) og mun lægra hlutfall tilkynnti atburðinn til einhvers utan vinnustaðarins t.d. til stéttarfélags eða lögreglu

(4,5%). 1,5% gerðu eitthvað annað og eingöngu 10,4% brugðust ekki við með neinum þeim hætti sem spurt var um.

**Tafla 44.** Viðbrögð þeirra sem urðu vitni af einelti.

	Hlutfall	N
Ræddir við þólanda/pólandur	50,7%	34
Tilkynntir atburðinn til stjórnenda, trúnaðarmanns, eða mannauðsdeildar í fyrirtækinu þar sem þú vinnur	40,3%	27
Ræddir við geranda/gerendur	20,9%	14
Tilkynntir atburðinn til einhvers utan vinnustaðarins, t.d. til stéttarfélags eða lögreglu	4,5%	3
Gerðir eitthvað annað	1,5%	1
Gerðir ekkert af ofantöldu	10,4%	7
Vil ekki svara	16,4%	11

### 3.5 Þjónusta MATVÍS

Tafla 25 sýnir viðhorf félagsfólks til starfsemi MATVÍS. Niðurstöðurnar sýna að rétt tæpur helmingur eru mjög eða frekar ánægð með starfseminu (48,3%). Ríflega þriðjungur eru hvorki ánægð með óánægð (36,3%) og mun lægra hlutfall eru frekar eða mjög óánægð (12,8%).

**Tafla 45.** Ánægð eða óánægð með starfsemi MATVÍS.

	Hlutfall	N
Mjög ánægð(ur/t)	15,1%	93
Frekar ánægð(ur/t)	33,2%	205
Hvorki ánægð(ur/t) né ánægð(ur/t)	36,3%	224
Frekar óánægð(ur/t)	9,4%	58
Mjög óánægð(ur/t)	3,4%	21
Vil ekki svara	2,6%	16

Tafla 26 sýnir hversu vel eða illa svarendum finnst MATVÍS standa sig í að gæta réttinda félagsfólks síns á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem telja félagið standa sig mjög eða frekar vel (43,5%). Ríflega þriðjungur telur félagið hvorki standa sig vel né illa (34,9%) og lægst er hlutfall þeirra sem telja félagið standa sig frekar eða mjög illa (13,1%)

**Tafla 46.** Hversu vel eða illa stendur MATVÍS sig í að gæta réttinda félagsfólks á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Mjög vel	11,5%	71
Frekar vel	32,0%	198
Hvorki vel né illa	34,9%	216
Frekar illa	9,5%	59
Mjög illa	3,6%	22
Vil ekki svara	8,6%	53

Tafla 27 sýnir hlutfall félagsfólks sem hefur nýtt sér 11 þætti í þjónustu MATVÍS. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér styrk vegna líkamsræktar (31%) og um fimmtungur hefur nýtt orlofsaðstöðu (21%). Lægra hlutfall hefur notað þjónustusíður stéttarfélagsins (13%) og styrk vegna sjúkraþjálfunar (12,8%). Enn lægra hlutfall hefur fengið styrk vegna sjónglerja (9%), styrk vegna sálfræðiþjónustu (7,9%), fengið aðstoð vegna kjaramála (7,1%), fæðingarstyrk (5,7%), námsskeiðsstyrk (4,8%), sjúkradagpeninga (3,4%) og lögfræðiaðstoð (1,1%). 38,1% höfðu ekki nýtt sér neina að aðspurðri þjónustu félagsins á síðastliðnum 12 mánuðum.

**Tafla 47.** Hvaða þjónusta MATVÍS nýtt á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Hlutfall	N
Já, styrk vegna líkamsræktar	31,0%	189
Já, orlofsaðstöðu	21,0%	128
Já, þjónustusíður/mínar síður	13,0%	79
Já, styrk vegna sjónglerja/linsukaupa	9,0%	55
Já, styrk vegna sjúkraþjálfunar	12,8%	78
Já, aðstoð vegna kjaramála	7,1%	43
Já, styrk vegna viðtalsmeðferða hjá sálfræðingi	7,9%	48
Já, styrk vegna námskeiða	4,8%	29
Já, fæðingarstyrk	5,7%	35
Já, sjúkradagpeninga	3,4%	21
Já, lögfræðiaðstoð	1,1%	7
Nei, hef ekki nýtt mér neitt af ofantöldu	38,1%	232
Vil ekki svara	1,1%	7

Tafla 28 sýnir hversu ánægt eða óánægt félagsfólk MATVÍS var með samskipti sín við félagið í tengslum þá þjónustu sem þau höfðu nýtt. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti svarenda eða 73,2% voru mjög eða frekar ánægð með samskiptin. 15,5% voru hvorki ánægð né óánægð og 9,4% voru frekar eða mjög óánægð.



**Tafla 48.** Ánægð eða óánægð með samskipti við MATVÍS í tengslum við veitta þjónustu.

	Hlutfall	N
Mjög ánægð(ur/t)	36,7%	140
Frekar ánægð(ur/t)	36,5%	139
Hvorki ánægð(ur/t) né ánægð(ur/t)	15,5%	59
Frekar óánægð(ur/t)	6,8%	26
Mjög óánægð(ur/t)	2,6%	10
Vil ekki svara	1,8%	7

Tafla 29 sýnir hversu ánægt eða óánægt félagsfólk MATVÍS var með samskipti sín við félagið í tengslum við þá þjónustu sem þau höfðu nýtt og eru niðurstöðurnar greindar eftir gerð þjónustu. Niðurstöðurnar sýna almennt er mikill meirihluti félagsfólks mjög eða frekar ánægt með samskiptin. Hæst er hlutfallið meðal þeirra sem hafa notað lögfræðiaðstoð (85,7%), styrk vegna sjónglerja (83,7%), orlofsaðstöðu (81,2%) og styrk vegna sálfræðiþjónustu (80,8%). Lægst er hlutfallið sem eru mjög eða frekar ánægð með þjónustuna meðal þeirra sem hafa fengið fæðingarstyrk (65,8%), sjúkradagpeninga (66,7%) og námskeiðsstyrk (69%).

**Tafla 49.** Ánægð eða óánægð með samskipti við MATVÍS í tengslum við veitta þjónustu eftir gerð þjónustu.

	Mjög ánægð/ur/t	Frekar ánægð/ur/t	Hvorki ánægð/ur/t né óánægð/ur/t	Frekar óánægð/ur/t	Mjög óánægð/ur/t	Vil ekki svara	N
Já, styrk vegna líkamsræktar	40,2%	35,4%	14,3%	3,7%	4,8%	1,6%	189
Já, orlofsaðstöðu	45,3%	35,9%	12,5%	4,7%	1,6%	0%	128
Já, þjónustusíður/mínar síður	50,6%	27,8%	11,4%	5,1%	3,8%	1,3%	79
Já, styrk vegna sjónglerja/linsukaupa	47,3%	36,4%	7,3%	7,3%	1,8%	0%	55
Já, styrk vegna sjúkraþjálfunar	38,5%	35,9%	14,1%	9,0%	2,6%	0%	78
Já, aðstoð vegna kjaramála	44,2%	30,2%	9,3%	9,3%	4,7%	2,3%	43
Já, styrk vegna viðtalsmeðferða hjá sálfræðingi	40,4%	40,4%	8,5%	8,5%	2,1%	0%	47
Já, styrk vegna námskeiða	27,6%	41,4%	13,8%	10,3%	6,9%	0%	29
Já, fæðingarstyrk	42,9%	22,9%	20,0%	14,3%	0%	0%	35
Já, sjúkradagpeninga	28,6%	38,1%	14,3%	4,8%	4,8%	9,5%	21
Já, lögfræðiaðstoð	71,4%	14,3%	0%	14,3%	0%	0%	7